



Kynning á niðurstöðum 1. ársfjórðungs 2025/26

Bætt afkoma og sterk byrjun á rekstrarárinu



Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

26. júní, 2025

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

1F 2025/26 (breyting frá 1F 2024/25*)

48,1 ma.kr.

vörusala

▲ 9,2%

4,0 ma.kr.

EBITDA

▲ 25,9%

1,2 ma.kr.

hagnaður

▲ 37,1%

24,1%

framlegðarhlutfall

▲ 2,5%stig

16,4%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 1,7%stig


36,7%

eiginfjárhlutfall

▲ 1,1%stig


Ytri áhrifapættir: Verðbólga stöðug, USD veikist og olía í lækkunarfasa

Visitala neysluverðs, Ársbreyting, %




- Verðbólga nokkuð stöðug á tímabilinu og endaði í 3.8% - verðbólga lægri en á sama tíma í fyrra þegar hún var um og yfir 6%

Gengi gjaldmiðla, ISK



- Gengi ISK nokkuð stöðugt gagnvart EUR en styrktist umtalsvert gagnvart USD – ISK heldur sterkari en á sama tíma í fyrra

Verðþróun á ULSD (Diesel), USD / mt



- Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði á tímabilinu líkt og á fyrra ári – meðalverð þó talsvert lægra en á samanburðarári

Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 1F gekk almennt vel** og var heldur umfram áætlanir stjórnenda - afkoma styrktist talsvert á milli ára, einkum vegna áhrifa af rekstri SMS auk þess sem **rekstur annarra eininga Haga var heldur betri en á fyrra ári**
- **Framlegð eykst í krónum talið og sem hlutfall af veltu**, m.a. vegna áhrifa af rekstri SMS og lækkun olíuverðs - **framlegðarhlutfall í dagvöruverslun á Íslandi stendur í stað**
- **Umsvif dagvöruverslana Haga jukust** á tímabilinu, en **viðskiptavinum og seldum stykkjum fjölgaði** hjá bæði Bónus og Hagkaup
- **Í eldsneytishluta samstæðunnar gekk rekstur vel** þó að seldum lítrum hafi fækkað - **eftirspurn í smásölu var sterk en samdráttur var í sölu til stórnotenda**, einkum vegna færri einskiptisviðskipta til erlendra aðila
- **Þróun Haga og dótturfélaga á áhugaverðum stafrænum lausnum og þjónustum** í fullum gangi - nýrri netverslun Banana vel tekið
- **Bónus, Hagkaup, Olís og Bananar ýttu úr vör stóru heilsuátaki í samstarfi við Latabæ** - markmið að auka neyslu á ferskum ávöxtum og grænmeti
- **Uppsafnaður 12 mánaða hagnaður á hlut var 6,75 kr. og jókst um 41% frá fyrra ári** - án einskiptisliða vegna SMS var hagnaður á hlut 5,84 kr. og jókst um 22%



Starfspáttur #1: Rekstrarárið byrjar vel með auknum umsvifum

Verslanir og vöruhús (Ísland) - Rekstrarreikningur 1F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum námu um **33,6 ma. kr.** og jukust um tæp 7% á milli ára
- EBITDA var rúmir **2,7 ma. kr.**, eða **8,1% af tekjum**, og jókst um rúm **11%** frá fyrra ári - **afkoma styrktist hlutfallslega meira** eða um rúm **19%**
- Umsvif jukust talsvert frá fyrra ári en heimsóknum í dagvöruverslanir fjölgaði um **6%** og seldum **stykkjum um 1%** - aukning í bæði Bónus og Hagkaup
- Áframhaldandi góð eftirspurn hjá Eldum rétt, en félagið hóf sölu á skyndiréttum í Bónus á tímabilinu
- Enn sem fyrr tekjuvöxtur hjá Aðföngum og Banönum, og styrktist rekstur á milli ára
- Stórkaup áfram í vaxtarfasa - töluverður tekjuvöxtur, sérstaklega í matvöru
- Zara byrjaði árið af krafti og skilaði umtalsvert betri rekstri en á fyrra ári

	1F '25/26	1F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	33.595	31.430	2.165	+6,9%
Rekstrargjöld	-30.875	-28.983	-1.892	+6,5%
EBITDA	2.720	2.447	273	+11,2%
EBITDA-hlutfall	8,1%	7,8%	+0,3%	+4,0%
Afkoma starfspáttar*	1.717	1.440	277	+19,2%
Afkomu-hlutfall	5,1%	4,6%	+0,5%	+11,6%

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Ísland)



HAGKAUP



Bananar

STÓRKAUP |

ELDUM  RÉTT

ZARA

Bónus: Tekjuaukning og fjölgun heimsóknna

- **Vörusala á 1F nam rúmum 24 ma. kr. og jókst um 7,2%** frá fyrra ári – rekstur gekk vel og **afkoma styrktist á milli ára**
- **Umsvif héldu áfram að aukast og fjölgaði viðskiptavinum töluvert** frá fyrra ári, eða um tæp **7%** - **stykkjum fjölgaði einnig** þrátt fyrir aukið framboð af stærri og hagkvæmari einingum
- **Rekstrarmódel félagsins að sýna mikinn styrk**, en aukin umsvif hafa ekki valdið aukningu í mönnun verslana
- **Aukið vöruúrval og þægindi fyrir fjölskyldur**, t.d. gefins ávextir fyrir börn, samstarf við Latabæ, barnakerrur, leikföng og mikil aukning á úrvali skyndirétta
- **Viðtökur við barnaboxi (Barnabónus) fóru fram úr björtustu vonum** og hefur félagið nú þegar **afhent yfir 1.000 kassa** - frábær stuðningur við barnafjölskyldur
- **Vikuleg „ódýrast vikunnar í Bónus“ tilboð halda áfram að mælast vel fyrir** - auðveldar viðskiptavinum að **velja enn hagkvæmari kosti**
- **Áframhaldandi uppfærslur á verslunum** - verslanir Bónus í Ögurhvarfi, á Akranesi og í Naustahverfi á Akureyri voru betrubættar á fjórðungnum
- **Sterk byrjun á árinu** og almennt **meðbyr með félaginu**



Hagkaup: Fjölgun heimsókna og bætt afkoma

- **Vörusala á 1F nam 6,4 ma. kr. og jókst um 9% frá fyrra ári** - afkoma styrktist einnig talsvert á milli ára
- **Aðsókn umtalsvert betri en á samanburðarári**, en **heimsóknum og seldum stykkjum fjölgaði** - aukning í seldum stykkjum er sérstaklega ánægjuleg í ljósi aukinnar áherslu á tilbúna og hálftilbúna rétti
- **Vefverslun Hagkaups heldur áfram að stækka** en tekjur á 1F voru umtalsvert hærri en á 1F á fyrra ári
- **Veisluréttir Hagkaups eru búnir að festa sig í sessi** sem einn af bestu kostunum á markaðnum - **yfir 60% aukning á milli ára**, en Hagkaup þurfti að loka fyrir pantanir á stærstu dögnum vegna umfram eftirspurnar
- **Aðrar nýjungar eru að fara einstaklega vel af stað**, eins og **afhending vegabréfa, Build-A-Bear, samstarf við Latabæ**, og **stóraukið úrval af sérvöldu kjöti**
- **Áframhaldandi áhersla á uppfærslu verslana**, en ný og **uppfærð snyrtivörudeild opnaði í Hagkaup Garðabæ** á fjórðungnum
- **Viðburðir félagsins vel sóttir sem fyrr**, t.d. danskir dagar, páskaviðburðir, snyrtivörukynningar, o.s.frv.



Starfspáttur #2: Sterk byrjun á árinu og spennandi opnanir framundan

Olís - Rekstrarreikningur 1F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur á 1F námu tæpum 11,4 ma. kr. og drógust saman um 13,1% - **heimsmarkaðsverð lægra í ár** en á samanburðarári, en einnig fækkar seldum lítrum
- EBITDA nam 798 m.kr., eða 7% af tekjum, og **styrkist um 31 m.kr.** eða um 4% á milli ára - **afkoma styrkist hlutfallslega meira**
- Seldum lítrum fækkaði um 17% frá fyrra ári - **eftirspurn í smásölu var sterk** en **samdráttur í sölu til stórnotenda, einkum einkisviðskipti til erlendra aðila**
- Rekstur á þjónustustöðvum styrkist áfram, en þurrvörusala jókst á meðan tímanotkun dróst saman
- Fyrsta Glans bílapvottastöðin í Mosfellsbæ er byrjuð að trekkja að - stutt í opnun á Selfossi og Gullinbrú
- Nýjar ÓB stöðvar verða opnaðar í Búðardal og við Kjarnagötu á Akureyri í sumar

	1F '25/26	1F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	11.355	13.068	-1.713	-13,1%
Rekstrargjöld	-10.557	-12.301	1.744	-14,2%
EBITDA	798	767	31	+4,0%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>7,0%</i>	<i>5,9%</i>	<i>+1,2%</i>	<i>+19,7%</i>
Afkoma starfspáttar*	547	418	129	+30,9%
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>4,8%</i>	<i>3,2%</i>	<i>+1,6%</i>	<i>+50,6%</i>

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Olís)

olís

ób

Starfspáttur #3: Traustur rekstur í byrjun árs með góðri afkomu

Verslanir og vöruhús (Færeyjar) - Rekstrarreikningur 1F 2025/26 (m.kr.)

- **Tekjur á 1F námu 3.790 m.kr. - EBITDA fjórðungsins nam 528 m.kr.**, eða 13,9% af veltu, og **afkoma 183 m.kr.** eða 4,8% af veltu
- **Almennt gekk rekstur allra eininga vel**, og var ágætis tekjuvöxtur hjá helstu einingum - **veitingarekstur félagsins heldur áfram að sýna kröftugan vöxt** og góða afkomu
- **Áframhaldandi áhersla á bætt vöruframboð og bætta upplifun - Bónus setti nýlega vildarkerfi í loftið**, en appið var mest sótt appið á „danska markaðnum“ við útgáfu
- Vinna hafin við **nýjan verslunarkjarna í Runavík** sem gert er ráð fyrir að opni á haustmánuðum – **Bónus, Rumbul, Sunset Boulevard** og fleiri verslanir
- **SMS sýnir sem fyrr traustan og góðan rekstur**, en Hagar og SMS munu áfram **vinna að tækifærum til umbóta á næstu misserum**, m.a. í tengslum við vöruúrval, almennan rekstur og fjármögnun

	1F '25/26	1F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	3.790	0	3.790	-
Rekstrargjöld	-3.262	0	-3.262	-
EBITDA	528	0	528	-
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>13,9%</i>	-	-	-
Afkoma starfspáttar*	183	0	183	-
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>4,8%</i>	-	-	-

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Færeyjar)



Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Rekstur gekk vel á fjórðungnum og var í samræmi við áætlanir

Rekstrarreikningur 1F 2025/26 (m.kr.)

- **Vörusala á 1F** nam 48,1 ma. kr. og **jókst um 9,2%** milli ára - aukning um 1,0% án SMS
- **Framlegð í krónum** nam 11,6 ma. kr. og **jókst um 21,8%** - aukning um 7,9% án SMS
- **Framlegðarhlutfall** nam 24,1% og **hækkaði um 2,5%-stig** milli ára - **hækkun í eldsneytis-hluta** samstæðunnar, auk áhrifa af SMS en **dagvara stendur nánast í stað milli ára**
- **Rekstrarkostnaður hækkar** um 22,1% milli ára - hækkun nam 4,8% án SMS
- **EBITDA** nam 4,0 ma. kr. og **hækkaði um 25,9%** milli ára - hækkun um 9,4% án SMS
- **Neikvæð matsbreyting** fjárfestingarfasteigna nam 173 m.kr. - þar af 166 m.kr. vegna fasteigna í rekstrarleigu hjá SMS
- **Hagnaður** nam 1,2 ma. kr. og **jókst um 37,1%**

	1F '25/26	1F '24/25	Δ	%Δ
Vörusala	48.115	44.067	4.048	+9,2%
Framlegð	11.619	9.537	2.082	+21,8%
Aðrar rekstrartekjur	318	142	176	+123,9%
Laun og launatengd gjöld	-5.327	-4.377	-950	+21,7%
Annar rekstrarkostnaður	-2.564	-2.088	-476	+22,8%
EBITDA	4.046	3.214	832	+25,9%
Afskriftir	-1.458	-1.381	-77	+5,6%
Matsbreytingar	-173	0	-173	-
EBIT	2.415	1.833	582	+31,8%
Hrein fjármagnsgjöld	-959	-789	-170	+21,5%
Áhrif hlutdeildarféлага	32	25	7	+28,0%
Hagnaður tímabilsins	1.165	850	315	+37,1%
Önnur heildarafkoma	24	0	24	-
Heildarafkoma samtals	1.189	850	339	+39,9%


Afkomuhlutföll batna og framlegðarhlutfall styrkist

Lykilmælikvarðar rekstrar (3M 2021/22 – 3M 2025/26)


- **Veltuaukning fjórðungsins** drifin áfram af áhrifum SMS og góðri veltuaukningu verslana og vöruhúsa á Íslandi - samdráttur hjá Olís, m.a. vegna lægra heimsmarkaðsverðs olíu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** milli ára - áhrifa af SMS gætir á fjórðungnum og framlegð hjá Olís er hærri en á fyrra ári, dagvara á Íslandi stendur nánast í stað
- **Launa- og kostnaðarhlutföll** hækka milli ára - einkum vegna áhrifa SMS
- **EBITDA hlutfall** 8,4% á fjórðungnum í samanburði við 7,3% á fyrra ári
- **Hagnaðarhlutfall** 2,4% á fjórðungnum í samanburði við 1,9% á fyrra ári

Velta og framlegð

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




Rekstrar-kostnaður

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Afkoma

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



Handbært fé hækkar nokkuð á tímabilinu

Sjóðstreymisýfirlit 3M 2025/26 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam 5,4 ma. kr. á 1F og hækkar um 1,5 ma. kr. frá samanburðarári
- **Fjárfestingarhreyfingar** námu 1,3 ma. kr. til samanburðar við 684 m.kr. í fyrra
- **Fjárfestingar á fjórðungnum** m.a. vegna umbóta í nokkrum verslunum Bónus og Hagkaups, nýrra þvottastöðva Glans auk fjárfestinga í hugbúnaði og öðrum stafrænum lausnum
- **Fjármögnunarahreyfingar** námu 527 m.kr., samanborið við 459 m.kr. á fyrra ári
- **Handbært fé hækkaði** um 3,6 ma. kr. á tímabilinu og nam 5,9 ma. kr. í lok maí, til samanburðar við 4,6 ma. kr. í fyrra

	3M 2025/26	3M 2024/25	Breyting
Hagnaður tímabilsins	1.165	850	315
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	2.868	2.361	507
Veltufé frá rekstri	4.033	3.211	822
Rekstrartengdar eignir	-140	-828	688
Rekstrartengdar skuldir	2.593	2.484	109
Greiddir vextir og skattar	-1.085	-977	-108
Handbært fé frá rekstri	5.401	3.890	1.511
Fjárfestingarhreyfingar	-1.291	-684	-607
Fjármögnunarahreyfingar	-527	-459	-68
Breyting á handbæru fé	3.583	2.747	836
Handbært fé í lok tímabils	5.876	4.574	1.302

Sterkur efnahagur í lok ársfjórðungs

Efnahagsreikningur 31. maí 2025 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 81,3 ma. kr. og lækkuðu lítillega á fjórðungnum
- **Veltufjármunir námu** 26,9 ma. kr. og hækkuðu um 3,7 ma. kr. frá árslokum vegna hækkunar á handbæru fé
- **Eigið fé** nam 39,7 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 8,1 milljón í lok tímabils
- **Heildarskuldir** námu 68,5 ma. kr. og hækkuðu um 2,0 ma. kr. - einkum vegna hærri viðskiptaskulda til skamms tíma
- **Vaxtaberandi skammtímaskuldir** námu 6,1 ma. kr. í lok 1F - þar af 1,4 ma. kr. vegna **víxilskulda** og 3,9 ma. kr. vegna **skammtímafjármögnunar í DKK vegna kaupa Haga á SMS**

	31.05. 2025	28.02. 2025	%Δ
Rekstrarfjármunir	36.384	35.632	+2%
Óefnislegar eignir	15.238	15.601	-2%
Aðrir fastafjármunir	29.698	30.643	-3%
Fastafjármunir	81.320	81.876	-1%
Vörubirgðir	13.580	13.974	-3%
Viðskiptakröfur	7.443	6.887	+8%
Handbært fé	5.876	2.299	+156%
Veltufjármunir	26.899	23.160	+16%
Samtals eignir	108.219	105.036	+3%
Skuldir og eigið fé	108.219	105.036	+3%

	31.05. 2025	28.02. 2025	%Δ
Vaxtaberandi	17.142	17.137	+0%
Leiguskuldir	15.593	15.947	-2%
Tekjuskattur	4.155	3.883	+7%
Langtímaskuldir	36.890	36.967	-0%
Vaxtaberandi	6.128	6.278	-2%
Leiguskuldir	3.388	3.630	-7%
Viðskiptaskuldir	22.140	19.672	+13%
Skammtímaskuldir	31.656	29.580	+7%
Samtals skuldir	68.546	66.547	+3%
Eigið fé	39.673	38.489	+3%


Arðsemi eigin fjár 25,3% í lok ársfjórðungs

Lykilmælikvarðar efnahags (3M 2021/22 – 3M 2025/26)


- **Arðsemi eigin fjár 25,3%** síðastliðna 12 mánuði og hækkar nokkuð á samanburðartímabili
- **Eiginfjárlutfall** í lok 1F nam 36,7% - **markmið stjórnar** er um 35,0%
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 1F, að meðtöldum leiguskuldum, voru 36,4 ma. kr. eða 2,3 x 12 mánaða EBITDA - **skuldir aukast vegna kaupa á SMS**
- **Veltufjárlutfall** í lok 1F var 0,85 samanborið við 0,88 á fyrra ári
- **Veltuhraði í rekstri** var 8,6 dagar samanborið við 9,3 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 1,9 samanborið við 2,3 á fyrra ári

Ávöxtun hluthafa

Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárlutfall (%)




Áhætta í rekstri

Skuldahlutfall¹




Veltufjárlutfall²




Skilvirkni eigna

Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)³



Veltuhraði eigna⁴



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Fréttir af starfsemi


Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Gengi og stærstu hluthafar

Gengi




Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 31.05.2025

1. Gildi - lífeyrissjóður	17,2%	6. Birta lífeyrissjóður	6,6%
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,4%	7. Festa - lífeyrissjóður	4,2%
3. Lífeyrissjóður verslunarmanna	11,2%	8. Stapi lífeyrissjóður	3,5%
4. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	9,2%	9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,8%
5. Kaldbakur ehf.	8,1%	10. Brú R deild	2,1%

Hagnaður á hlut styrkist áfram

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut eykst áfram** og er nú **5,84 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði, en **6,75 kr. á hlut ef einskiptisáhrif vegna gangvirðisbreytinga í Færeyjum** eru tekin með
- **Án áhrifa einskiptis gangvirðisbreytinga í Færeyjum** eftir kaup **eykst hagnaður á hlut um rúm 22%** frá sama tíma í fyrra
- **Bætt afkoma síðustu missera byggir sem fyrr á almennum rekstrarbata, stefnumarkandi ákvörðunum, nýjum einingum og auknum umsvifum - rekstur SMS kom fyrst inn í tölur á 4F 2024/25**



* Einskiptisáhrif vegna viðskipta með Klasa

**Einskiptisáhrif vegna gangvirðisbreytinga í Færeyjum eftir viðskiptin með SMS

Staða og horfur

- **Rekstur á árinu fer vel af stað og horfur eru almennt góðar**
 - **Blikur á lofti í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi** með aukinni hættu á tollum og viðskiptahindrunum - **átök í Miðausturlöndum skapa óvissu um þróun olíuverðs**
 - **Enn of miklar hækkanir á aðföngum** til dagvöruverslunar, m.a. landbúnaðarvara, súkkulaði og kaffi - neikvæð áhrif á verðbólgu í mat og drykkjarvöru
 - **Almennt frekar jákvæð þróun efnahagslífs og rekstrarumhverfis** - verðbólga og vextir fara lækkandi og það er aukinn fyrirsjáanleiki um rekstrarkostnað (laun)
 - **Rekstur helstu eininga gengur vel** - skilvirkni rekstrar eykst áfram og þjónustuframboð hefur verið bætt
 - **Fjárfesting í viðskiptaþróun** treystir framþróun félagsins og skapar nýja arðbæra tekjustrauma - **SMS ný stoð** í rekstri Haga
 - **Trygg fjármögnun og sterk fjárhagsleg staða** - tækifæri í fjármögnun tengd starfsemi í Færeyjum
- **Staða Haga er sterk** og félagið hefur burði til að **sækja nýjar tekjur** og **mæta þeim áskorunum** sem kunna að koma upp í íslensku atvinnulífi og efnahagsumhverfi





Starfsemi Haga á Íslandi



Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.



Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.



Hagkaup er leiðandi smásölufyrirtæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.



Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendra grænmetis- og berjaræktun.



Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olúvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölbættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.



Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.



Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups og Bónus, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnsti fyrirhöfn.



Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Hagar reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.



HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



Starfsemi Haga í Færeyjum



Bónus er keðja lágvöruverðsverslana, þar sem þrjár verslanir eru í Þórshöfn og fimm verslanir dreifðar um önnur bæjarfélög. Bónus býður viðskiptavinum lægsta mögulega matvöruverð í Færeyjum.



Miklagarður er stórverslun í Þórshöfn sem selur matvöru og ýmsa sérvöru, t.d. leikföng og blóm. Miklagarður rekur einnig kjötvinnslu fyrir SMS samstæðuna.



Í Þórshöfn eru reknar fjórar smærri matvöruverslanir og bakarí undir nafninu Mýlnan, en félagið rekur einnig brauð- og kökugerð fyrir samstæðuna.



SMS rekur fjóra veitingastaði í stærstu verslunarmiðstöð Færeyja, þ.e. Burger King, Sunset Boulevard, Sushi Daily og Hornið. Auk þess rekur SMS tvo steikarstaði undir nafninu Angus Steakhouse í Þórshöfn og Klaksvík.



Rumbul og Sheep eru þrjár smávöruverslanir í Þórshöfn og Klaksvík, en verslanirnar selja ýmsa dagvöru á hagstæðu verði.

Eignarhald: 60%



Fasteignir

Fjölbreytt fasteignasafn sem telur ~11,000 m² sem er að miklu leyti nýtt undir eigin starfsemi en að hluta leigt til þriðja aðila. Auk þess rekur félagið verslunarmiðstöðina SMS.



Burn er líkamsræktarstöð sem er staðsett á þremur mismunandi stöðum í Þórshöfn. Burn býður upp á mánaðarlega áskrift sem og einkaþjálfun.

Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag



Omaná er ís- og eftirrættargerð sem framleiðir fyrir samstæðuna. Omaná rekur einnig ústölustað í SMS verslunarmiðstöðinni í Þórshöfn.

Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag

sms

Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

